

Fjármálaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Tekju- og lagaskrifstofa
Dagsetning: 28. mars 2000
Málsnúmer: FJR00020092
Bréfalykill: 150 Lífeyrismál - almennt

Efni: Tillögur fjármálaráðuneytisins til breyting á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Fjármálaráðuneytið hefur yfirfarið umsagnir ýmissa aðila um framangreint frumvarp. Í ljósi þeirra athugasemda sem þar koma fram leggur ráðuneytið til við háttvirta efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

1. Í 6. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 37. gr. laga nr. 129/1997. Lagt er til að 2. mgr. greinarinnar orðist svo: Fjármálaráðherra skal í reglugerð setja reglur um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða.

Skýringar: Hæppilegt er að takmarka ekki meira en nauðsynlegt er svigrúm ráðuneytisins til þess að setja reglur um form og efni fjárfestingastefnu lífeyrissjóða. Þannig hefur ráðuneytið betra svigrúm til þess að setja þær reglur sem á hverjum tíma þjóna best markmiðum sjóðanna og taka tillit til þróunar á því umhverfi sem lífeyrissjóðirnir starfa í.

2. Lagt er til að í stað orðanna: "fyrir komandi ár" í 8. gr. frumvarpsins komi "yfirstandandi ár".

Skýringar: Ekki er nauðsynlegt að krefjast þess að lífeyrissjóðir leggi fram fjárfestingastefnu fyrir komandi ár með ársreikningum sínum. Með því að þeir leggi fjárfestingastefnu yfirstandandi árs fram með ársreikningi er tryggt að þeir þættir sem mikilvægir eru fyrir mat á stöðu hvers lífeyrissjóðs séu öllum aðgengilegir.

3. Lagt er til að 2. málslíður 3. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 falli brott.

Skýringar: Í 2. málslíð 3. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 er vikið að rétti sjóðfélaga til að skjóta tilteknum ákvörðunum til gerðardóms skv. 33. gr. laganna. Eðlilegt er að þessi málslíður falli brott þar sem í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæðið um gerðardóm verði fellt brott úr lögum.

4. Lagt er til að 12. tölul. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 129/1997 falli brott.

Skýringar: Í tilvitnuðum tölulið er vikið að hlutverki og skipan gerðardóms. Eðlilegt er að þessi málslíður falli brott þar sem í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæðið um gerðardóm verði fellt brott úr lögum.

5. Í umsögn Landsambands lífeyrissjóða til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 22. mars 2000, er lögð til breyting á 53. gr. laga nr. 129/1997. Hún lýtur að heimild þeirra sjóða sem falla undir greinina til að gera afmarkaðar breytingar á réttindaákvæðum samþykktu sjóðanna enda hafi þær óveruleg áhrif á réttindi einstakra sjóðfélaga eða sjóðfélagahópa. Ráðuneytið leggst ekki gegn því að 53. gr. laganna verði breytt á þann veg sem lagt er til í umsögn Landssambands lífeyrissjóða.

6. Í umsögn Seðlabanka Íslands til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 27. mars 2000, kemur fram að eðlilegt geti verið að takmarka áhættu í einstökum erlendum myntum við 20 til 30% af eignum sjóðanna. Fjármálaráðuneytið gerir ekki athugasemdir

við að slík takmörk verði sett í 36. gr. laga nr. 129/1997. Ráðuneytið telur þó ekki nauðsyn á slíkri takmörkun í lögum þar sem færa má rök fyrir því að hún felist í almennri vísireglu 1. mgr. 36. gr. lagann. Þar kemur fram að stjórn lífeyrissjóðs skuli ávaxta fé sjóðsins með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Í því felst m.a. að dreifa ber gengisáhættu með eðlilegum hætti og takmarka þannig eignir sjóðsins í einstökum erlendum myntum svo að hagsmunir sjóðsins séu sem best tryggðir.

Í athugasemd Seðlabankans kemur fram að auk þeirra breytinga sem felast í 9. gr. frumvarpsins kæmi til greina að heimila þeim sjóðum sem beita eftirmannsreglu að miða verðtryggingu lífeyris við neysluverðsvísitölu. Ráðuneytið telur ekki efni til að breyta ákvæði frumvarpsis þar sem eðlilegt er að hafa samráð við þá lífeyrissjóði sem málið varðar áður en slíkar breytingar yrðu lagðar til.